

## Stjórnarfundur Prentsöguseturs 17.01 2020

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

**Mætt:** Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Þorsteinn, Sófus, Katrín og Svanur sem sat fund í gegnum fjarfundarbúnað.

Heimir formaður setti fundinn og skipði síðan Hauk sem fundarstjóra.

### Dagskrá fundar:

1. Staðan í samstarfsmálum
2. Framkvæmdir á Laugaveginum
3. Penningamál
  - a. Fyrirsjáanleg útgjöld
    - i. Gámar og geymslur
    - ii. Standsetning
  - b. Staðan á fjárhagsreikningi
4. Önnur mál

### 1. Staðan í samstarfsmálum.

**Hólar:** Það er ekki séð framá samstarf við Hóla samkvæmt svari sem okkur barst.

Ætlun var að fara á fund menntamálaráðherra með Sólveigu Láru Guðmundsdóttur vígslubiskup á Hólum og Erla Björk Örnólfsdóttir Rektor Háskólans á Hólum því hugsun þeirra var að setja okkur undir fræðasetur Háskólans á Hólum. Ekki varð að þessum fundi sökum ófærðar. Sólveig sagðist næst hafa tíma um páska og við verðum því að sjá hvernig málin þróast.

Við getum fengið húsnæði undir Prentsögusetur á Hólum þar sem fjósið er en ekki séð framá samstarf og því ættum við virkilega að íhuga framhaldið sagði Þorsteinn.

**Skálholt:** Þorsteinn talaði við Birnu Dögg hjá kirkjuráði, hún sagði að það væri ekki útilokað að við myndum fá starfsleyfi á Skálholti. Hún óskaði eftir bréfi þar sem við myndum setja fram hvernig við höfðum séð fyrir okkur að gera þetta, en hún sagði að það væri ekki hægt að lofa fjármagni í verkefnið á næstu 2-3 árum en hún útilokaði þó ekki að fjármunir gætu fengist.

Haukur Már sagði að við værum í einhverskonar limbói, hann hefur ekki mikla trú á Hólum, þeir eru meira með áherslu á sýningar á bókum en prenti að honum sýnist. Hann vill halda möguleikanum á því að vera á Skálholti lifandi. Hann lagði til að við myndum halda að okkur höndum í augnablikinu, rækta hugsanlegt samband við Skálholt eins og við getum, bíðum af okkur allan grun og leyfum hlutunum að þróast aðeins.

Þorsteinn lagði fram fyrirspurn um það hvort við værum mótfallin því að hann myndi reyna að finna aðila til að fjármagna viðgerðir á fjósi og hlöðu í Skálholti ef við fengjum starfsleyfi. Hugsanlega gætum við séð um allar viðgerðir og fengið þær svo endurgreiddar síðar frá kirkjunni. Hann hefur tilfinningu fyrir því að við gætum fengið fjármagn til þess að gera húsið klárt en við þurfum að vera búin að tryggja að Skálholt tækju við rekstrinum á safninu þegar það væri komið. Ef þetta er möguleiki þá eru stjórn ekki mótfallin því að það verði skoðað. Fært til bókar: Í þessu fellst engin ákvörðun um eitt eða neitt en það er leyfi til þess að skoða málin án nokkurar ábyrgðartöku, samþykkt.

**2. Framkvæmdir á Laugaveginum.** Lesin var upp framkvæmdalisti fyrir opnun sem var gerður á síðasta fundi. Listi: Tímatafla fyrir sýningartíma safnsins, prentun aðgöngumiða, hönnun á kynningarbæklingi, snyrtiaðstaða og þrif, fatahengi, gólfmotta, ísskápur, hvað skal fjarlægja, hvaða sýningarmuni vantar ennþá, rafrænt sýningarefni.

Búið er að kaupa mottu, fatahengi, rúllugardínu fyrir útihurð, festingar fyrir klósett, ísskápur er kominn, ákveðið að fjarlægja svörtu grindurnar, fjarlægja lausadót í og við brotvél.

Yfirfara þarf merkingar á vélum, það vantar ný og hrein handklæði, þrif á WC, Ramma utanum myndir og hengja þær upp.

Þorsteinn mun mála gömlu hillurnar (móti hurð) og festa klósetið ásamt því að breyta hinum hillunum og útvega fleiri sýningargripi. Einnig þarf að: lakka glugga-tréverk, raða betur í farvahillur, stilla betur af handrokk og gera kláran til prentunar, pappír skorinn fyrir prófarkapressu. merkja, „gömlu innréttingarnar“ og fjarlægja óþarfa glerskápa.

Hvað varðar rafrænt sýningarefni þá varðveitum við einn geisladisk (frá Hauki Má) og ein video-spóla (frá Heimi). Komið er frábært tilboð í stafræna hlutann miðað við uppsetningu á „flakkara“ en það er miðað við 10-20 sýningaratriði.

Þorsteinn lagði til að settar yrðu upp umgengisreglur og skipurlag um þrif. Einnig stakk hann uppá að gömlu hillunum yrði hent og í stað þeirra verði keyptir skápar í Rúmfasta- lagernum, hann sýndi okkur hugmyndir að uppsetningu. Hann óskaði eftir samþykki til þess að kaupa skápanna þeir kosta 46 þúsund. Umræða myndaðist um hillur, ekki var samstaða um hillukaup, þótti hluta stjórnar skáparnir of nýtískulegir fyrir gamla prentsmiðju, eftir nokkra umræðu var lögð fram tillaga um að fresta kaupum á hillum - það var samþykkt.

### 3. Penningamál.

#### a. Fyrirsjáanleg útgjöld.

**i. Gámar og geymslur.** Fyrirsjáanleg útgjöld vegna gámaflutninga. Samantekt frá Þorsteinin var lesin upp: 25 mm veggplötur, einangrun ofaná vélar 48 stk. 16.000.- Flutningur x 2, verð 20.000.- x 2 = 40.000.-. Leiga pr. mánuð: 8.000 x 2 +vsk = 16.000.-. Einangrun yrði keypt í Byko. ET-flutningar sjá um flutninginn. Stólpi Gámar annast geymslu.

Það liggur fyrir kostnaður uppá 56 þús. og svo leiga 16 þús. pr. mánuð fyrir gáma, áætlað er að þeir verði þarna í 1 ár sem gerir um 200 þús.

Færsla á gámum og kostnaður sem því fylgir var lagt fyrir fundinn til samþykktar, það var samþykkt.

#### ii. Standsetning

Lesið var upp e-mail frá Þorsteinni um sundurliðun á kostnað sem hann hafði lagt út fyrir vegna frágangs á Laugarveg: Málaður veggur+ hillur -keypt gamal-grátt lakk, 2 lakkrúllur og rúlla með bakka fyrir marmarahvít sem var til (Byko) 10.871. Keypt rúllugardína fyrir hurð 3.000. Keyptar klósettfestingar + fest WC - þrifið - ath. með handklæði (Byko) 150. Keypt notað fatahengi, standur - (Rauði krossinn) 800.- 5. Keypt motta (30% afsláttur) (Byko) 1.956. Lagt var fyrir fundin útgjöld uppá 16.777. - , það var samþykkt.

Svanur óskaði eftir nótum fyrir útgjöldum, hann er komin með nokkuð af útgjöldum sem nótur fylgja ekki. Þorsteinn ætlar að senda honum nótu eða útbúa reikning fyrir útgjöldum.

**b. Staðan á fjárhagsreikningi.** Svanur gerði grein fyrir stöðunni. Staðan er 811.490.-, um áramót var staðan 691.000.- en það kom 200.000.- greiðsla frá Seðlabankanum um áramótin sem skýra þessa hækkun. Ef við fengjum sömu tekjur á þessu ári eins og því síðasta þá vantar uppá því leigan yrði núna 95.000.- á mánuði, 79.000.- fyrir Laugarveg og 16.000.- fyrir gáma. Þetta gerir 1.140.000.- á ári. Við fengum í tekjur í fyrra tæpar 400.00.- frá fyrirtækjum og 564.000.- í gegnum félagsgjöldin það gerði 958.000.- þannig það vantar 180.000.- uppá að við getum haldið sjó. Við þurfum að bæta við 60 félagsmönnum hið minnst bara til að dekkja kostnaðinn á þessu ári.

Sófus kom með tillögu að hækka félagsgjaldið um 1000.-, Svanur taldi að við þyrftum að hugsa það vel, því það gæti alvegeins komið út neikvætt. Það gengur ekki vel að virkja fólk sem er á Facebook en hann er viss um að það er til fólk sem vill styðja okkur það kom í ljós á síðasta ári því það bættist töluvert við af félagsmönnum.

**Önnur mál:** Haukur Már leggur til að stjórnin skipi uppstillingarnefnd sem myndi fara og kanna áhuga og vilja félagsmanna til að vinna fyrir félagið. Hann telur að það sé komin tími til að fá inn nýtt fólk, það eru

sennilega að það fara þrír úr stjórn Heimir, Svanur ætla ekki að bjóða sig fram aftur og Haukur Már telur að hann hætti líka.

Haukur telur nauðsynlegt að finna fólk sem hefur áhuga, vilja og getu til að taka við, helst fólk sem er með víða þekkingu. Hann sér fyrir sér einn úr stjórn en tvo utan stjórnar til að finna nýtt fólk í stjórn. Stjórnarmenn samþykktu að fara að líta í kringum sig um líklega aðila í nefndina. Samkvæmt lögum á að boða til fundar í mars 2020.

Ákveðið var að halda fund eftir 2 vikur.

Fundi slitið.